

## SAMÞYKKT

### um breytingu á samþykkt um stjórn Sveitarfélagsins Ölfuss nr. 876/2013.

#### 1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 47. gr. samþykktarinnar:

- a. Ný málsgrein bætist við B-lið greinarinnar og verður 9. mgr., svohljóðandi:  
*Jafnréttisnefnd.* Sveitarstjórn fer með jafnréttismál skv. lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008.
- b. C-liður greinarinnar breytist og verður svohljóðandi:
- C. **Stjórnir, ráð og nefndir á samstarfsvettvangi sveitarfélaga:**  
*Yfirstjórn sameiginlegrar skóla- og velferðarþjónustu og skóla- og velferðarnefndar Árnesþings.* Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss kýs einn fulltrúa og annan til vara til setu í yfirstjórn sameiginlegrar skóla- og velferðarþjónustu sjö sveitarfélaga í Árnessýslu (NOS), samkvæmt samningi þar að lútandi.

Fulltrúi Sveitarfélagsins Ölfuss í yfirstjórn (NOS) hefur umboð til að taka þátt í skipun í sjö manna sameiginlega skóla- og velferðarnefnd á starfssvæði skóla- og félagsþjónustu sveitarfélaganna í samræmi við ákvæði samstarfssamnings og á grundvelli 7. gr. laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga, 21. gr. laga nr. 90/2008 um leikskóla og 40. gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla. Skóla- og velferðarþjónustusvæðið heitir Skóla- og velferðarþjónusta Árnesþings og nefndin skóla- og velferðarnefnd Árnesþings.

Fulltrúar í skóla- og velferðarnefnd Árnesþings eru sjö auk jafnmargra varamanna og koma þeir úr Sveitarfélaginu Ölfusi, Hveragerðisbæ, Hrunamannahreppi, Bláskógabyggð, Skeiða- og Gnúpverjahreppi, Grímsnes- og Grafningshreppi og Flóahreppi.

Skóla- og velferðarnefnd Árnesþings fer með stjórn sérfræðiþjónustu leik- og grunnskóla og félagsþjónustu sveitarfélagsins skv. lögum um leikskóla nr. 90/2008, lögum um grunnskóla nr. 91/2008, félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, málefni aldraðra skv. lögum nr. 125/1999 og málefni fatlaðra skv. lögum nr. 59/1992. Þá skipar nefndin fulltrúa í þjónustuhóp um málefni aldraða skv. 7. gr. laga nr. 125/1999 sem verður fulltrúi allra sveitarfélaganna sem að nefndinni standa. Nefndin fer með áfengisvarnir skv. lögum nr. 75/1998 og barnaverndarmál skv. barnaverndarlögum nr. 80/2002. Nefndin fer með önnur málefni skv. erindisbréfi sem henni er sett.

*Sameiginlegt þjónustusvæði Suðurlands um þjónustu við fatlaða.* Þrettán sveitarfélög á Suðurlandi mynda sameiginlegt þjónustusvæði á Suðurlandi um þjónustu við fatlaða í samræmi við lög nr. 59/1992 um málefni fatlaðs fólks, sem starfar skv. sérstöku samkomulagi. Stjórn þjónustusvæðisins er skipuð þremur fulltrúum, þ.e. einum frá hverju félagsþjónustusvæði. Yfirstjórn sameiginlegrar skóla- og velferðarþjónustu (NOS) skipar einn fulltrúa í stjórn þjónustusvæðisins. Framkvæmd þjónustusamningsins er í höndum þriggja manna þjónusturáðs og skipar NOS einn fulltrúa í þjónusturáðið sem skal vera forstöðumaður Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings.

*Héraðsnefnd Árnesinga bs.* Héraðsnefnd Árnesinga starfar samkvæmt sérstöku samningi milli allra sveitarfélaganna í Árnessýslu. Nefndin fer m.a. með málefni Eignarhaldsfélags Brunabótáfélag Íslands, Brunavarna Árnessýslu, Almannaavarna Árnessýslu, Listasafns Árnesinga, Byggðasafns Árnesinga, Tónlistarskóla Árnesinga og Héraðsskjalasafns Árnesinga. Sveitarfélagið Ölfus skipar tvo aðalfulltrúa og jafnmarga til vara, til fjögurra ára í senn, samkvæmt samþykktum héraðsnefndar Árnesinga bs. eins og þær eru á hverjum tíma.

*Almannavarnarnefnd Árnessýslu.* Bæjarstjórn skipar einn aðalmann og annan til vara skv. 9. gr. laga um almannavarnir nr. 82/2008 í sameiginlega almannavernd í Árnessýslu.

Kosning og tilnefning í aðrar nefndir og ráð sem leiða af samstarfi sveitarfélaga á Suðurlandi, Árnessýslu og Sambandi íslenskra sveitarfélaga fer eftir því sem lög, reglur og samþykktir segja til um.

2. gr.

Samþykkt þessi sem sveitarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss hefur sett skv. ákvæðum 9. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

*Innanríkisráðuneytinu, 7. júlí 2014.*

F. h. r.

**Hermann Sæmundsson.**

Stefanía Traustadóttir.

—————  
B-deild – Útgáfud.: 22. júlí 2014